

7. maí 2026

Umhverfis- og tæknisvið uppsveita

Dalbraut 12
840 Laugarvatn
s. 480-5550

Sendandi f.h. undirritaðra íbúa (Sjá bls. 3)

Eva Lind Höskuldsdóttir
Mosató 5
803 Selfoss
s. 823-3113
evalind1@me.com

Efni: Mótmæli við breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps – lóðir VP11 Hnaus 2 og SL6 Hnaus

Undirrituð leggja hér með fram formleg mótmæli við fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps sem felur í sér stækkun lóðar VP11 og viðbót nýrrar lóðar með auknu byggingarmagni innan íbúðar- og skógræktarsvæðis við Hnaus.

Svæðið hefur hingað til einkennst af lágreistri byggð, dreifðri lóðaskipan og mikilli nálægð við skógræktarsvæði. Fyrirhugaðar breytingar fela í sér verulega aukningu á þéttleika byggðar og breytta landnotkun sem samræmist illa núverandi einkennum svæðisins.

Við mat á áhrifum breytingarinnar er einnig nauðsynlegt að horfa til nýlegrar stækkunar hótelfarfaris á svæðinu. Samhliða þeirri uppbyggingu er ljóst að álag á svæðið hefur aukist verulega á skömmum tíma. Frekari uppbygging atvinnustarfsemi á aðliggjandi lóð mun auka enn á þetta álag og getur haft í för með sér varanlega breytingu á eðli svæðisins.

Umhverfisáhrif

Fyrirhuguð uppbygging innan og í jaðri skógræktarsvæðis getur haft neikvæð áhrif á gróðurfar, búsvæði dýra og heildaryfirbragð landslags. Slík þróun raskar þeirri sérstöðu sem svæðið hefur haft sem rólegt og náttúru nært íbúðarsvæði. Að mati undirritaðra er óljóst hvort fullnægjandi umhverfismat eða mat á heildaráhrifum framkvæmdarinnar liggi fyrir.

Umferð og innviðir

Aukin starfsemi mun óhjákvæmilega leiða til aukinnar umferðar og álags á innviði. Ekki liggur fyrir hvort fullnægjandi greining hafi farið fram á burðargetu núverandi vega, veitukerfa og annarra innviða til að mæta þessari aukningu. Fyrir liggur að umferð hefur þegar aukist og ástand vega versnað.

Öryggi og lífsgæði

Aukin umferð, meiri þéttleiki byggðar og nálægð við atvinnustarfsemi mun hafa neikvæð áhrif á öryggi og lífsgæði íbúa. Fyrirhuguð breyting gengur gegn þeim forsendum um rólegt og dreift íbúðarsvæði sem byggt hefur verið á til þessa.

Hagsmunir fasteignaeigenda

Undirrituð keyptu eignir sínar á grundvelli gildandi skipulags og þeirra forsendna sem þar komu fram. Fyrirhuguð breyting gengur gegn þeim réttmætu væntingum og getur haft neikvæð áhrif á verðmæti eigna á svæðinu.

Samræmi við skipulagsmarkmið og lög

Að mati undirritaðra samræmist tillagan ekki nægilega markmiðum aðalskipulags um hóflega uppbyggingu, verndun náttúru og jafnvægi milli íbúðar- og atvinnusvæða.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 ber að tryggja samræmi milli deiliskipulags og aðalskipulags, auk þess að gæta að heildarhagsmunum íbúa og umhverfis. Breytingin felur í sér verulega tilfærslu í landnotkun og hefur áhrif sem ná út fyrir viðkomandi lóðir.

Jafnframt skal bent á að samþykkt slíkrar breytingar getur skapað fordæmi fyrir frekari breytingum á svæðinu sem leiða til stigvaxandi þéttingar og breytinga á landnotkun sem ganga gegn upprunalegri skipulags hugsun.

Tillaga að breytingu

Lagt er til að uppbygging þjónustu- eða gististarfsemi verði takmörkuð við núverandi hótelsvæði og þróuð í beinu samhengi við það. Eðlilegra væri að slík starfsemi yrði staðsett í framhaldi af núverandi hótellóð, til dæmis suðvestur af henni, fremur en innan rótgróins íbúðasvæðis.

Niðurstaða og kröfur

Með hliðsjón af framangreindu er þess krafist að fyrirhuguð skipulagsbreyting verði endurskoðuð og afgreiðslu hennar frestað þar til fullnægjandi gögn, þar á meðal umferðar greiningar og mat á umhverfisáhrifum, liggja fyrir.

Jafnframt er mótmælt fyrirhugaðri lóðarúthlutun til hótelsins, á skógræktarsvæði, og þess óskað að skipulagsnefnd UTU og sveitarstjórn Flóahrepps taki málið til endurskoðunar.

Óskað er eftir formlegum og rökstuddum svörum við framkomnum athugasemdum og að gefinn verði kostur á frekari kynningu og umræðu á opinberum vettvangi.

Hér fyrir neðan er listi yfir þá aðila sem standa að þessum mótmælum.
Virðingarfyllst,

Eva Lind Höskuldsdóttir
kt. 220686-2489
s. 823-3113

Þórður Jónsson Thors
kt. 231184-2529
s. 697-6029

Anna Birna Ragnarsdóttir
kt. 210266-3569
s. 786-0202

Nína Höskuldsdóttir
kt. 180792-2019
s. 779-0545

Höskuldur Harri Óskarsson
kt. 181063-2469
s. 825-2401

Halla Hrund Pétursdóttir
kt. 071274-5789
s. 690-0098

Petra Louise Mazetti
kt. 090372-2039

Sturla M Jónasson
kt. 160959-7119

Ásbjörn Sigurðarson
kt. 270773-4439
s. 695-1991

Pétur Njörður Ólason
kt. 200142-6329

Julia Simeon
kt. 200571-3049
s. 856-4788

Erna Jónsdóttir
kt. 181273-4619
s. 893-5507

Martin Andersen
kt. 020574-2599
s.899-2655

Andrés Sigurðsson
kt 180562-2699
s. 893-2277

Hjördís Jóna Gísladóttir
kt. 070167-3799

Aðalsteinn Steinþórsson
kt. 060743-3989